

Verklagsreglur við æfingabúðir landslíðs og hæfileikamótununnar

Skíðasambandið í samvinnu við félög skipuleggur árlega nokkrar æfingabúðir („kampa“) fyrir skíða- og brettafólk víða um landið. Markmið þeirra er í grunnatriðum að auka færni og áhuga þátttakenda á skíða- og brettaíþróttum, auk þess að efla samheldni og samhug íþróttafólks í viðkomandi greinum.

1) Hlutverk og ábyrgð SKÍ

- a) Fagnefndir SKÍ gera tillögu til stjórnar um æfingabúðir sem hluta af áætlunum þeirra ár hvert. Þessar áætlanir eru hluti af umsókn sambandsins til Afrekssjóðs ÍSÍ hverju sinni.
- b) Afrekssjóri SKÍ ákveður skipulag æfingabúða almennt í samræmi við þjálfara hæfileikamótunar hverju sinni.
- c) Afrekssjóri samþykkir að höfðu samráði við hlutaðeigandi fagnefndir, dagskrá, skipulag og þátttakendur, hefur umsjón með fjárhagslegu uppgjöri ásamt framkvæmdastjóra SKÍ.
- d) SKÍ ber ábyrgð á fjárhagslegu uppgjöri æfingabúða, nema um annað sé samið fyrirfram og kynnir fyrir stjórn SKÍ eins fljótt og auðið er.
- e) Kostnaðarhlutur SKÍ eru laun þjálfara og dagpeningar, ferðakostnaður þeirra skv. áætlun og mögulega annar kostnaður vegna þeirra.
- f) Ekki er heimilt að gera SKÍ kostnað umfram það sem áætlað er, nema að undangengnu samþykki afrekssjóra eða framkvæmdastjóra.

2) Hlutverk og ábyrgð umsjónarfélags

- a) Félög sem standa fyrir æfingabúðum fyrir landslíð eða hæfileikamótun eða annarra sambærilegra hópa bera ábyrgð á framkvæmd og kostnaði á staðnum, skv. fyrirfram gerðri áætlun sem SKÍ og hlutaðeigandi félag hafa samþykkt.
- b) Í undirbúningi og kostnaði félaga skal vera gisting, fundar- og æfingaraðstaða. Í kostnaði á staðnum skulu vera allar megin máltíðir, þ.e. morgunverður, hádegismatur, kvöldverður og morgun- og síðdegishressing.

3) Þátttakendur

- a) Þátttakendur bera ábyrgð á sínum ferðum til og frá æfingabúða innanlands nema að önnur ákvæði í samningum eða ákvörðunum SKÍ eigi við.
- b) SKÍ skipuleggur ferðir og gistingu sé um æfingar og keppnir erlendis. Að öðru leyti gilda reglur um kostnaðarþátttöku hér að ofan.

Samþykkt í stjórn 5. desember 2024